



# Framhaldsskólinn á Húsavík

Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki

**Nafn skóla:** Framhaldsskólinn á Húsavík

**Nafn verkefnisins:** Þróun leiðsagnamats á framhaldsskólastigi

**Nafn verkefnisstjóra:** Halldór Jón Gíslason

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS 53 /2017

## **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Meginmarkmið verkefnisins er að efla leiðsagnarmat í Framhaldsskólanum á Húsavík (FSH) með markvissri námsáætlanagerð og notkun leiðsagnarmats yfir önnina ásamt þjálfun kennara.

Undirmerkið er að skilgreina markmið leiðsagnarmats og vörðuvikna í námsmati skólans. Einnig að útfæra nánar áherslur skólans á leiðsagnarmat með það að leiðarljósi að skilgreina með markvissum hætti þá möguleika sem gefast í öllum námsgreinum skólans á þessu sviði. Jafnframt verði hugað sérstaklega að því að efla ábyrgðarkennd nemenda á eigin námsframvindu og auka skuldbindingu þeirra til náms auk þess að efla námsvitund nemenda og skilning þeirra á hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri. Einnig að styrkja kennara í að sjá tækifæri til umbreytinga úr hefðbundnu námsmati yfir í leiðsagnarmat og meta kosti þess. Enn fremur að efla kennara í að nota leiðsagnarmat og vörðuviðtöl og að koma á verkefnatímum (Vinnustundir) til að gera nemendum betur kleift að efla þá námsþætti sem þarf.

Áætlaður afrakstur verkefnisins var að fyrir lægju vandlega útfærðar námsáætlanir í öllum námsgreinum þar sem leiðsagnarmati væru gerð góð skil og nemendur vissu nákvæmlega til hvers væri ætlast af þeim og hvernig það yrði metið. Að leiðsagnarmat með vörðuviðtölum yrði gildandi þáttur í námsmati. Að kennarar notuðu vörðuviðtöl óhikað og væru meðvitaðir um mikilvægi leiðsagnarmats. Að meðaleinkunn hækkaði og brotthvarf minnkaði.

## **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Þær leiðir sem farnar voru til þess að reyna að ná settum markmiðum verkefnisins voru:

Námskeið var haldið fyrir kennara FSH þar sem þeir hlutu fræðslu í leiðsagnarmati og gildum þess fyrir skólastarf. Farið var yfir markvissa notkun leiðsagnarmats, framsetningu í námsáætlunum og notkun vörðuviðtala.

Stokkatafla skólans var endurskoðuð til þess að skapa rými fyrir vinnustundir þar sem verkefnatímar voru kenndir daglega.

Vörðuviðtölum gefið vægi í skóladagatali og námsáætlunum. Gert var ráð fyrir vörðuviðtölum í skóladagatali fyrir 2017-2018.

Skipað var teymi sem fundaði reglulega skólaárið 2017-2018 og fór yfir hvernig gengi með vörðuviðtöl, leiðsagnarmat, námsáætlanagerð og vinnustundir.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Framhaldsskólinn á Húsavík fjármagnaði ferð í Menntaskólann á Tröllaskaga meðal annars í þeim tilgangi á að fræðast um leiðsagnarmat og kennsluhætti þar.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Verkefnið gekk nokkuð vel fyrir sig. Það komu þó upp ýmsir hnökrar og smávægileg vandamál. Kennarar töldu vörðuviðtöl mjög tímafrek og ekki fá nægilega rúman sess í skóladagatali vetrarins 2017- 2018 þar sem einungis var gert ráð fyrir þremur dögum til þess að taka viðtölin. Viðtölin þóttu líka koma nokkuð snemma á hvorri önn sem þýddi að lítil reynsla var komin á þátttöku nemenda í hverjum áfanga fyrir sig. Einnig gekk oft illa að ná af nemendum og voru ýmsir aðrir viðburðir svo sem þrjátíu ára afmæli skólans og annað uppbot á kennslu sem röskuðu möguleikum kennara til þess að taka viðtölin. Einnig hafði stærð nemendahópanna áhrif á framkvæmd viðtalanna. Kennarar voru í upphafi oft að notast við stöðluð viðtalsform sem þeim þótti henta illa þar sem ýmsir þættir þeirra áttu ekki við þegar kom að viðtölunum.

Það kom í ljós að vinnustundir, sem voru þáttur í verkefninu, þarfnast breyttrar útfærslu fyrir næsta skólaár. Upphaflega var það lagt í hendur nemenda að undirbúa tíma sinn vel í vinnustundum. Þar sem þetta er þó nokkur breyting fyrir nemendur gekk brösulega að virkja þá í tímunum. Nýnemar við skólann byrjuðu betur í þessu fyrirkomulagi en aðrir og má ætla að það sé ekki eins mikil viðbrigði fyrir þá þar sem þeir þekkja flestir fyrirkomulagið úr grunnskóla. Eldri nemendur skólans, sem þekktu ekki þetta fyrirkomulag, þurftu hins vegar að laga sig að breyttum aðstæðum. Nemendur mættu illa í vinnustundir.

Vegna tímaskorts tókst teymi, sem sá um yfirferð verkefnisins, ekki að funda eins oft og vonast hafði verið eftir auk þess sem skert úthlutun gerði þátttöku teymisins minni en ella.

### **Helsu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu**

Breytingar sem þessar taka ávallt nokkuð á en gengu þó almennt vel og er almenn ánægja með leiðsagnarmatið innan skólans.

Þeir kennarar sem rætt var við voru almennt sammála um að vörðuviðtöl væru að skila sér vel. Bæði virtust nemendur ánægðir með viðtölin og þau virtust skapa ákveðin tengsl milli nemenda og kennara. Nemendur hverfa síður inn í hópinn með tilkomu vörðuviðtala og hægt er að grípa snemma inn í ef stefnir í óefni.

Leiðseigjandi miðannarmat er mjög mikilvægt tæki til þess að styðja við nemendur í þeirra námi.

Nú fara kennarar, stjórnendur og nemendur reynslunni ríkari inn í næsta skólaár.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Skólastarfið allt litast nú af leiðsagnarmati. Vörðuvikur eru tilgreindar í skóladagatali, miðannarmat er nú með leiðbeinandi umsögn til nemenda, vinnustundir eru hluti af stundartöflu nemenda, leiðsagnarmat er hluti af námsáætlunum áfanga skólans. Kennarar hafa hlotið þjálfun í beitingu aðferða leiðsagnarmats og með tíð og tíma munu þeir öðlast aukið öryggi við notkun þess.

### **Niðurstöður verkefnisins:**

Varðandi meginmarkmið verkefnisins, sem snéri að eflingu leiðsagnarmats í FSH með markvissri námsáætlanagerð og notkun leiðsagnarmats yfir önnina ásamt þjálfun kennara, má segja að það markmið hafi náðst. Nú er leiðsagnarmat orðið ríkur þáttur í námsáætlunum við skólann og gert er ráð fyrir vörðuviðtölum í öllum áföngum fyrir skólaárið 2018-2019. Kennarar skólans hlutu markvissa þjálfun í notkun leiðsagnarmats og munu á haustmánuðum 2018 hljóta enn frekari þjálfun í tengslum við þetta verkefni.

Eitt af undirmarkmiðum verkefnisins var að skilgreina markmið leiðsagnarmats og vörðuvikur í námsmati skólans. Þetta markmið náðist. Eins og áður sagði er leiðsagnarmat orðinn fastur

liður í námsáætlun kennara við skólann. Vörðuviðtöl hafa fest sig í sessi og miðannarmat er orðið leiðbeinandi og tekur mið af stöðu nemandans hverju sinni og leiðbeinir honum í átt að betri námsárangri.

Varðandi það markmið verkefnisins að útfæra nánar áherslur skólans á leiðsagnamat þá hefur það verið gert með ýmsum hætti. Árleg starfsáætlun fyrir árið 2017-2018 lagði mikla áherslu á eflingu leiðsagnarmats og mikilvægi þess. Stokkatöflu skólans var breytt þannig að kennslustundir voru styttrar úr 60 mínútum niður í 45 mínútur til að skapa rými fyrir vinnustundir fyrir nemendur. Mætingarreglum skólans var breytt þannig að vinnustundir urðu skylda fyrir alla nemendur, meðal annars í þeim tilgangi að betur yrði hægt að fylgjast með líðan nemenda. Vörðuvikur voru innleiddar sitt hvorum megin við miðannarmat sem fer fram um miðja önn. Lögð var áhersla á að innleiða leiðsagnarmat inn í námsáætlanir skólans.

Það er samdóma álit kennara sem rætt var við að vörðuviðtöl hafi nýst vel til þess að ræða stöðu nemenda í áföngum, námsáætlanir og vinnuna framundan í hverjum áfanga.

Kennslukannanir vegna haustannar 2017 studdu almennt þennan þátt en nemendur virtust almennt meðvitaðari um það til hvers væri ætlast af þeim í áföngum kennara. Almennt voru þó niðurstöður kennslukönnunar neikvæðari á vorönn 2018. Það er óljóst hvað veldur.

Markmið verkefnisins að auka námsvitund nemenda og skilning virðist því að einhverju leiti hafa náðst.

Eins og áður kom fram hafa kennarar hlotið markvissa þjálfun í notkun leiðsagnarmats og vörðuvitðala og þannig hlotið styrkingu til þess að umbreyta hefðbundnu námsmati yfir í leiðsagnarmat. Því hefur það markmið náðst. Allir kennarar gera ráð fyrir leiðsagnarmati í námsáætlunum sínum fyrir næsta vetur og á næsta skólaári munu kennarar fá þjálfun í viðtalstækni.

Áætlaður afrakstur verkefnisins var að fyrir lægju vandlega útfærðar námsáætlanir í öllum námsgreinum þar sem leiðsagnarmati væru gerð góð skil og nemendur vissu nákvæmlega til hvers væri ætlast af þeim og hvernig það yrði metið. Að leiðsagnarmat með vörðuviðtölum yrði gildandi þáttur í námsmati. Að kennarar notuðu vörðuviðtöl óhikað og væru meðvitaðir um mikilvægi leiðsagnarmats. Öllu ofangreindu hefur verið hrint í framkvæmd. Einnig var það markmið sett að meðaleinkunn hækkaði og brotthvarf minnkaði. Meðaleinkunn lækkaði hins vegar smávægilega og brotthvarf jókst nokkuð. Þetta má þó að einhverju leyti rekja til

aukinnar áherslu FSH á fjarnám sem hefur verið nokkuð brokkgengt og þarfnast frekari rannsóknar. Þar sem leiðsagnarmatið er nýtt má áætla að áhrifum þess fari ekki að gæta almennilega fyrr en á næstu árum.

**-Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Þó svo að verkefnið sem slíkt verði ekki í gangi áfram innan skólans þá er fyrirhugað að leiðsagnarmat muni áfram verða ríkur þáttur í kennslu við FSH.

Vinnustundir verða áfram liður í stundartöflum nemenda og mun skólinn leggja aukna áherslu á að efla þær og þátttöku nemenda í þeim.

Mögulegt er að í kjölfar verkefnisins muni verða komið á fót kerfi innan skólans þar semaðstoðarskólameistari, gæðahópur eða stjórnendur lesa yfir námsáætlanir og kvitta upp á að þær standist kröfur skólans.


**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Kynning er fyrirhuguð innan FSH.


**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

**Rekstrarreikningur. (vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)**

Dagsetning: 20.06.2018

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Páll Jón Víðarsson', written over a horizontal line.

Undirskrift verkefnisstjóra

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Herdís Þ. Björnsdóttir', written over a horizontal line.

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla